



21. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn föstudaginn 27. mars 2015 og hófst kl 16:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Reynir Atli Jónsson, Dagrún Þórisdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 6. fundar Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar dags. 11. mars 2015**

Liður 1. Fjallskil. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kynna sér málið út frá lagaumgjörð og hvernig þessum málum er háttað í öðrum sveitarfélögum. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Liður 2. Vegamál. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma athugasemdum og ábendingum Landbúnaðarnefndar á framfæri við Vegagerðina. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Liður 3. Reiðvegir. Sveitarstjórn hefur áhuga á að styðja við reiðvegagerð í sveitarfélaginu í samvinnu við hestamannafélagið. Sveitarstjóra falið að koma með tillögu að hvernig hægt sé að standa að málinu. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.
- 2. Fundargerð 4. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags. 26. febrúar 2015**

Liður 1. Umsókn um byggingarlóð. Sveitarstjóri kynnti fyrirbyggjandi gögn. Sveitarstjórn leggur til út frá fyrirbyggjandi gögnum að sveitarstjóra verði falið að fara betur yfir málið með umsækjanda. Afgreiðslu frestað. Samþykkt samhljóða.
- 3. Fundargerð 373. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 13. mars 2015**

Lögð fram til kynningar
- 4. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 10. mars 2015**

Lögð fram til kynningar
- 5. Innsent bréf frá Samtökum atvinnulífsins dags. 18. mars 2015**

Lagt fram til kynningar
- 6. Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 18. mars 2015**

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að fara yfir þetta með endurskoðendum sveitarfélagsins.



LANGANESBYGGÐ

7. Nýjar fastanefndir – Samþykktir og skipun

Nýjar fyrirliggjandi samþykktir ræddar.

Nýjar samþykktir Velferðarnefndar lagðar fram til samþykktar. Samþykktar samhljóða.

Nýjar samþykktir Menningar- og bókasafnsnefndar lagðar fram til samþykktar.

Samþykktar samhljóða.

Skipun í Velferðarnefnd Langanesbyggðar

Meirihluti sveitarstjórnar leggur til eftirfarandi nefndarmenn:

Aðalmenn:

Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir

Jón Gunnþórsson

Magdalena Zawodna

Varamenn:

Björgvin Þóroddsson

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Hrefna Marinósdóttir

L-listi leggur til eftirfarandi nefndarmenn:

Aðalmaður:

Sölvi Steinn Ólason

Varamaður:

Tilkynnt síðar.

N-listi leggur til eftirfarandi nefndarmenn:

Aðalmaður:

Ránar Jónsson

Varamaður:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Skipun í Menningar- og bókasafnsnefnd Langanesbyggðar

Meirihluti sveitarstjórnar leggur til eftirfarandi nefndarmenn:

Aðalmenn:

Hanna María Pétursdóttir

Guðjón Gamalíelsson

Þórir Jónsson

Varamenn:

Eyþór Atli Jónsson

Halldóra Sigríður Ágústsdóttir

Ólafur Sveinsson



LANGANESBYGGÐ

L-listi leggur til eftirfarandi nefndarmenn:

Aðalmaður:

Oddný Kristjánsdóttir

Varamaður:

Tilkynnt síðar

N-listi leggur til eftirfarandi nefndarmenn:

Aðalmaður:

Líney Sigurðardóttir

Varamaður:

Heiðrún Óladóttir

Tillaga um að skipa Halldóru Jóhönnu Friðbergsdóttur formann Velferðarnefndar. Samþykkt samhljóða.

Tillaga um að skipa Hönnu Maríu Pétursdóttur formann Menningar- og safnanefndar. Samþykkt samhljóða.

8. Breytingar á skipun fastanefnda

Breyting í Atvinnu-, menningar og ferðamálanefnd Langanesbyggðar.

Tillaga lögð fram um að Vikar Vífilsson verði nýr aðalmaður í Atvinnu-, menningar og ferðamálanefnd.

Tillaga að Reynir Atli Jónsson verði nýr varamaður í Atvinnu-, menningar og ferðamálanefnd.

Breyting í Umhverfis- og skipulagsnefnd.

Tillaga lögð fram um að Reimar Sigurjónsson komi inn frá N-lista sem aðalmaður í stað Kristjáns Úlfarssonar.

Tillaga lögð fram um að Sigurður Marínósson komi inn frá N-lista sem varamaður í stað Sóleyjar Indriðadóttur.

Breyting í Fræðslunefnd Langanesbyggðar.

Tillaga lögð fram um að Svala Sævarsdóttir verði nýr aðalmaður í fræðslunefnd.

Tillaga að Reynir Atli Jónsson verði varamaður í fræðslunefnd.

Tillaga um að Hulda Kristín Baldursdóttir verði nýr aðalmaður fyrir L-lista

Tillaga um að Sóley Indriðadóttir verði nýr varamaður fyrir N-lista.

Tillaga um að skipa Björn Guðmund Björnsson formann Atvinnu- menningar og ferðamálanefndar. Samþykkt samhljóða.

Tillaga um að skipa Rafn Jónsson formann hafnarnefndar. Samþykkt samhljóða.

Tillaga um að skipa Kristinn Lárusson formann fræðslunefndar. Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

9. Kostnaður 2013 og 2014 vegna vinnu við skólamiðstöð og bókanir sveitarstjórnar 2013 og 2014 þar sem sveitarstjórn samþykkir þann kostnað.

U-listinn leggur fram eftirfarandi bókun vegna framlagðra gagna og bókanar sem kom fram á síðasta fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar undir liðnum: Kostnaður 2013 og 2014 vegna vinnu við skólamiðstöð og bókanir sveitarstjórnar 2013 og 2014 þar sem sveitarstjórn samþykkir þann kostnað.

Á fundi sveitarstjórnar þann 12. desember árið 2013 var seinni umræða fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 samþykkt. Þar var bókað sérstaklega að gert væri ráð fyrir því í þessari fjárhagsáætlun að byrjað yrði á byggingu leikskóla á árinu 2014.

Í fjárhagsáætlun ársins 2014 og fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 til 2017 kemur fram að gert er ráð fyrir 150 m.kr til byggingar leikskóla árið 2014 og 100 m.kr í sama verk árið 2015 eða samtals 250 m.kr. Fjárhagsáætlun 2014 er inn á heimasíðu Langanesbyggðar.

Fullyrðingar um að bókunum vegna kostnaðar við leikskólabyggingu hafi verið ábótavant er að mati U-listans langt frá sanni.

Fjárhagsáætlun 2014 sýnir það með óyggjandi hætti að það stóð aldrei til hjá fyrrverandi sveitarstjórn að byggja skólamiðstöð fyrir um 500 m.kr. í einum áfanga. Það sama kemur einnig fram í fundargerðum og gögnum. Það stóð aldrei annað til en að kostnaður sveitarfélagsins við að byggja leikskóla yrði um 250 m.kr og að hanna skólamiðstöð sem hægt væri að halda áfram með þegar sveitarfélagið hefði ráð á því. Unnin var mikil og góð vinna af byggingarnefnd og sveitarstjóra ásamt fleiri aðilum við að móta og hanna húsnæði og framtíðarsýn skólamiðstöðvar á Þórshöfn. Þáverandi sveitarstjórn og varamenn í sveitarstjórn fengu vel á annan tug netpósta með fundargerðum byggingarnefnda leikskóla, teikningum afstöðumyndum og fleiri gögnum. Einnig voru sveitarstjórnarmenn upplýstir mjög reglulega á sveitarstjórnarfundum um stöðu verkefnisins, sumt af því var bókað og annað ekki. Að okkar mati var staðið faglega að verkefninu og ítrekum við að samþykki fyrir fjármagni í verkefnið var skýrt. Einnig var upplýsingaflæðið á hönnunar og teiknitímabilinu gott.

10. Forvarnarstefna Langanesbyggðar

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og Velferðarnefnd að skoða og undirbúa verkefnið og leggja fram kostnaðaráætlun. Samþykkt samhljóða.

11. Bygging leikskóla – næstu skref

Sveitarstjórn leggur til að byggingarnefnd leikskóla gangi út frá því í sinni vinnu að leikskólinn verði staðsettur við Grunnskóla Þórshafnar. Sveitarstjóra falið að ræða við ZEPPELIN ehf og vinna málið áfram í samráði við oddvita. Borið undir fundinn. 4 samþykktu tillöguna. Þorsteinn var á móti. Dagrún og Hulda sátu hjá.



LANGANESBYGGÐ

12. Viðhald á Þórsveri

Í fundargögnum er kostnaðaráætlun frá Faglausn vegna jarðvatnslagna við Þórsver og klæðningu á austurvegg hússins. Sveitarstjóri fór yfir málið í stórum dráttum. Sveitarstjóra falið að gera ítarlega áætlun á kostnaði vegna jarðvatnslagna og koma með tillögu að áfangaskiptingu á verkinu. Samþykkt samhljóða.

13. Sorphirða

Sveitarstjóri fór yfir fund sem haldinn var með sveitarstjóra og oddvita Vopnafjarðarhrepps. Sveitarstjórn fagnar áhuga Vopnafjarðarhrepps á samstarfi í sorphirðumálum og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður og framlögð gögn. Samþykkt samhljóða.

14. Sértekur byggðakvóti

Sveitarstjóri fór yfir málið og þær upplýsingar sem liggja fyrir um sértækan byggðakvóta á Bakkafirði. Staðan verður tekin aftur í lok fiskveiðisársins 2014-2015. Samþykkt samhljóða.

15. Skýrsla um ljósleiðaravæðingu

Lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn fagnar viðurkenningu á mikilvægi ljósleiðaratengingu og leggur ríka áherslu á nauðsyn þess að allir sitji við sama borð þegar kemur að fjarskiptatengingum. Samþykkt samhljóða.

16. Skýrsla sveitarstjóra

- a. Bakkavegur 23. Endurbætur á íbúð í Bakkavegi 23 er lokið og heppnuðust vel.
- b. Sveitarstjóri ásamt stjórnarmönnum Nausts funduðu með starfsfólki Nausts í vikunni. Góður fundur þar sem margt áhugavert kom fram.
- c. Sveitarstjóri sótti málþing um úrgangsmál sem Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir. Sveitarfélög eru að glíma við sambærileg mál er varðar sorphirðu og sorpurðun. Málþingið var mjög lærdómsríkt og gott innlegg inn í þá umræðu um sorpmál sem á sér stað í sveitarfélaginu.
- d. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við íslenska Gámafélagið hvað varðar framkvæmd og kostnað vegna sorphirðu.
- e. Sveitarstjóri átti fund með nemendum 3. og 4. bekkjar grunnskólans á Þórshöfn vegna erindis um útileiksvæði.

17. Næstu fundir sveitarstjórnar

Ákveðið að reglubundinn fundur sem vera átti fimmtudaginn 23. apríl verði færður til miðvikudagsins 22. apríl. Einnig að reglubundinn fundur sem halda átti fimmtudaginn 14. maí verði miðvikudaginn 13. maí.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:00